

44. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins yfir Íslandi, um að síra Páli Pálssyni se
veitt leyfi til að kenna mállausum og heyrnarlausum á
Íslandi¹. 1867.
4. september.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir síra Páll Pálsson, sóknarprestur að Kálfafelli í Skaptafells-sýslu, dvalið um tíma hér í bænum til þess að kynna sér kennsluáðferðina á hinum konunglega skóla handa mállausum og heyrnarlausum, og samkvæmt vitnisburði frá forstjóra greinds skóla hefir hann þenna tíma, sem hann hefir dvalið þar, aflað sér svo mikillar þekkingar og æfingar í kennslu mállausra og heyrnarlausra, að það mundi mega fela honum á hendur að kenna mállausum og heyrnarlausum börnum á Íslandi. Um leið og forstjórinn fyrir hinum konunglega skóla handa mállausum og heyrnarlausum hefir gefið þenna vitnisburð, hefir hann vakið athygli á, að mállaus og heyrnarlaus börn frá Íslandi geti ekki, eins og eðlilegt er, haft eins mikil not af kennslunni á tæðum skóla, og ákjósanlegt væri. Hefir hann um það efni tekið fram, að einu leytinu: að þau læri í skólanum danska tungu og bendingamálið, en af því að þau í átthögum sínum geta mjög svo lítið, opt jafnvel alls ekki komið dönsku við, og geta ekki í umgengni við vandamenn sína gjört sig skiljanlega nema með bendingum, þá hljóti þau að verða eins aumlega einstæðingsleg innan um fólkið, sem þau eru með samvistum, og þó þau hefðu

verulegt, er ekki sé þegar fram komið í þessu máli, og virðist mér því, að slík ráðstöfun mundi einungis leiða af sér enn meiri drátt á málinu og baka hlutaðeigendum fyrirhöfn, meiri en viðurkvæmilegt er eptir málavöxtum, og er þessari ósk ekki heldur fram haldið í bréfi hins setta hreppstjóra frá 22. janúarmán. þ. á. — En láti sveitarstjórnin í tæðum hrepp sér ekki lynda framan-skrifað álit, og óski slíks prófs á eigin kostnað, þá er ekkert því til fyrirstöðu frá amtsins hálfu.

Þetta bréf mitt óska eg að þér tilkynnið hlutaðeigendum.

¹) Sama dag voru hinum amtmönnum og biskupinum á Íslandi rituð bréf sama efnis.

1867.

4. september. engu menntun öðlæzt, og þar að auki muni þau bráðlega týna niður því, sem þau kunnu í dönsku og þá um leið þeirri þekkingu, sem þau hafa öðlæzt af henni, í stað þess að þekking þeirra ætti að fara vaxandi; að öðru leyti: að í skólanum, þar sem þeim er kennt, sé allt svo ólíkt því, sem þau áður hafa vanizt og aptur eiga að hverfa til, að sjálfsagt fá af þeim muni geta orðið eins ánægð og nýt til sýslunar sinnar, eins og þau hefðu getað orðið, ef þeim hefði ekki verið svipt burt úr átthögum sínum; og við þetta bætist loks, að það gegnir furðu, hversu margir mállausir og heyrnarlausir frá Íslandi deyja í skólanum, því að af þeim 24 Íslendingum, sem hafa komið í skólann frá því 1820, hafa ekki færri en 8 dáið meðan þeir voru þar.

Með því að stjórnarráðið fyrir sitt leyti verður að vera skólaforstjóranum alveg samdóma í því, sem hann hefir sagt um þetta efni, höfum vèr ekki hikað oss við at veita síra Páli Pálssyni, samkvæmt bænarskrá, er hann hefir sent hingað, leyfi til að taka íslenzka málleysinga og heyrnarleysinga til kennslu og uppfræðingar, og skal þess getið, um leið og vèr leiðum athygli yðar, herra stiptamtmaður, að því, sem nú hefir sagt verið, að ekkert er því til fyrirstöðu af stjórnarráðsins hálfu, að kostnaðurinn til kennslu þeirra málleysinga og heyrnarleysinga, sem síra Pál kann að taka að sèr að kenna, sè goldinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í kansellíbréfi 9. októbermán. 1832 og brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 12. maímán. 1849, ef að hlutaðeigandi börn sjálf eða þeir, sem eiga að standa straum af þeim, eru ekki megnug þess að greiða hann.

11. september. 45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipamælingar.

Með bréfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmáður, sent hingað skjal frá Smith sýslumanni í Norðurmúla-sýslu, þar sem hann spyr um, hversu lengi mælingarbréf haldi